

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 6/2018

Kæra Gyðu Atladóttur á ákvörðun Neytendastofu nr. 18/2018 frá 25. júlí 2018.

1. Þann 25. febrúar 2019 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 6/2018: Kæra Gyðu Atladóttur á ákvörðun Neytendastofu frá 25. júlí 2018. Í málinu úrskurða Halldóra Þorsteinsdóttir, Eiríkur Hauksson og Gunnar Páll Baldvinsson.
2. Með kæru, dags. 25. júlí 2018, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála þá ákvörðun Neytendastofu að grípa ekki til aðgerða gagnvart Arion banka hf. Með ákvörðuninni komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að Frjálsi fjárfestingabankinn hf. hefði brotið gegn 4. og 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán og þágildandi 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, með því að tilgreina ekki heildarlántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar á fasteignaláni í erlendri mynt. Einnig komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að Frjálsi fjárfestingabankinn hf. hefði brotið gegn 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 og þágildandi 5. gr. laga nr. 57/2005 með því að tilgreina ekki í skilmálum um endurskoðun vaxtaálags við hvaða aðstæður vaxtaálag gæti breyst. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest en að jafnframt verði tekin afstaða til álitafna sem kvörtun hennar beindist að en ekki var leyst úr í ákvörðuninni.
3. Málið varðar beitingu laga nr. 121/1994 sem nú eru úr gildi fallin. Kæruheimild var að finna í 2. mgr. 25. gr. laganna, sbr. 3. mgr. 29. gr. núgildandi laga nr. 33/2013 um neytendalán, sbr. einnig 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi, dags. 25. ágúst 2014, barst Neytendastofu kvörtun kæranda vegna viðskiptahátta við endurútreikning neytendalána. Þann 21. nóvember 2007 hafði kærandi tekið lán hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. sem tryggt var með veði í fasteign hennar. Lánið var bundið gengi erlendra gjaldmiðla með svokallaðri gengistryggingu. Í kvörtun kemur fram að kæranda hafi ekki verið kunnugt um þetta þegar lánið var tekið og hafi kærandi þannig gert þann samning í góðri trú. Þann 21. mars 2009 hafi móðurfélag Frjálsa fjárfestingarbankans, SPRON hf., ratað í veruleg fjárhagsleg vandræði, vald hluthafafundar þess verið yfirtekið í samræmi við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og skilanevnd falið að fara með málefni samstæðunnar. Meðal þess sem kveðið hafi verið á um í þeim ákvörðunum hafi verið að innistæður hjá SPRON og Frjálsa Fjárfestingarbankanum hf. myndu flytjast yfir til Nýja Kaupþings hf., síðar Arion banka hf., en að eignir og lánasöfn, þar á meðal lán kæranda, myndu flytjast til sérstaks dótturfélags, Dróma hf. Hafi

skuldir Dróma hf. við Arion banka hf. síðar verið greiddar að fullu upp með tilteknum eignum, m.a. einstaklingslánum Dróma hf., þ. á m. láni kæranda.

5. Þann 7. maí 2014 hafi Arion banki hf. sent kæranda endurútreikning á umræddu láni. Í bréfinu hafi komið fram að útreikningurinn væri gerður á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða X. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, í samræmi við fyrirmæli 18. gr. sömu laga, en með hliðsjón af þeim dómum Hæstaréttar sem hafi fallið og varði endurútreikning.
6. Þann 28. júní 2014 hafi kærandi sent Arion banka hf. fyrirspurn þar sem m.a. hafi verið innt eftir afstöðu til þess hvaða þýðingu ýmis ákvæði laga á sviði neytendaverndar hefðu fyrir rétt hennar vegna lánsins. Bankinn hafi svarað þann 1. júlí 2014 á þann veg að hann teldi að þau lög sem vísað væri til leiddu ekki til frekari leiðréttingar á lánum kæranda en leiddi af endurútreikningi þeirra. Þann 15. ágúst 2014 hafi Arion banki hf. síðan sent kæranda bréf þar sem skorað hafi verið á hana að greiða eða semja um lánið sem um ræddi.
7. Umrædd kvörtun til Neytendastofu var aðallega byggð á því að við gerð þeirra lánasamninga sem um ræddi hefði lánveitandi ekki gætt að upplýsingaskyldu samkvæmt ákvæðum laga nr. 121/1994 um neytendalán. Nánar tiltekið upplýsingum um heildarlántökukostnað í krónum, reiknað út skv. 7. gr., sbr. 4. tölulið 6. gr., og árlega hlutfallstölu kostnaðar skv. 10.-12. gr., sbr. 5. tölulið 6. gr. Kærandi teldi vanrækslu á umræddri upplýsingaskyldu jafnframt varða við ákvæði laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, einkum 5. gr. þeirra laga. Vísað var til ákvörðunar Neytendastofu nr. 8/2014 þar sem brot af svipuðum toga gegn umræddri upplýsingaskyldu voru talin falla undir bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Einnig vísaði kærandi til þess að samkvæmt 3. mgr. 36. gr. c. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa teldist samningur ósanngjarn stríddi hann gegn góðum viðskiptaháttum og raskaði til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytanda í óhag. Væri slíkum skilmála vikið til hliðar í heild eða að hluta, eða breytt, skyldi samningurinn að kröfu neytanda gilda að öðru leyti án breytinga yrði hann efndur án skilmálans. Var vísað til þess að tilskipun nr. 93/13/EBE um óréttmæta skilmála í neytendasamningum kvæði á um í 1. mgr. 6. gr. hennar að aðildarríki skyldi mæla svo fyrir um að óréttmætir skilmálar í samningi seljanda eða veitanda við neytanda væru ekki bindandi fyrir neytandann og að samningurinn yrði áfram bindandi fyrir samningsaðila ef hann gæti haldið gildi sínu að öðru leyti án óréttmætu skilmálanna.
8. Þá vísaði kærandi til ákvæða 2. mgr. 14. gr. laga nr. 121/1994 um að lánveitanda væri eigi heimilt að krefjast greiðslu frekari lántökukostnaðar en tilgreindur væri í samningi samkvæmt 4. tölulið 1. mgr. 6. gr. Væri árleg hlutfallstala kostnaðar, sbr. 5. tölulið 1. mgr. 6. gr., of lágt reiknuð væri lánveitanda eigi heimilt að krefjast heildarlántökukostnaðar sem gæfi hærri árlega hlutfallstölu kostnaðar. Kærandi teldi að skýra yrði fyrirnefnd ákvæði þannig að ólögætir skilmálar um gengistryggingu yrðu að teljast óréttmætir og þar með óskuldbandandi fyrir sig sem neytanda.
9. Þá leiddi af því að upplýsingaskylda um kostnað við lánið hefði ekki verið uppfyllt að lánveitanda væri ekki heimilt að innheimta frekari kostnað en þann sem upplýst væri um í lánssamningi. Varðandi það álitafni hvernig meta skyldi þann kostnað sem heimilt kynni að vera að innheimta

vegna umræddra lána vildi kærandi gera grein fyrir afstöðu sinni með þeim hætti að setja fram annars vegar ýrtruðu niðurstöðu eða kröfu um hvernig skyldi haga útreikningi á eftirstöðvum þeirra lána sem um ræddi, og hins vegar til vara, afstöðu sem gengi ekki eins langt að þessu leyti. Aðallega teldi kærandi að þar sem árleg hlutfallstala kostnaðar kæmi hvergi fram á lánsamningum, og ekki hefði verið upplýst um hana með neinum hætti, yrði að líta svo á að hún væri 0%. Þar með væri lánveitanda einnig óheimilt að innheimta nokkurn kostnað af þeim lánum sem um ræddi, enda myndi það gefa hærri árlega hlutfallstölu kostnaðar en 0%. Þannig reiknað yrðu allar fjárhæðir sem greiddar hefðu verið af viðkomandi láni að koma til frádráttar upphaflegri lánsfjárhæð og mynda þannig eftirstöðvar á hverjum tíma. Með þessu væri átt við allan kostnað sem innheimtur hefði verið og greiddur, óháð því hvernig þær greiðslur hefðu verið sundurliðaðar.

10. Þessu til stuðnings vísaði kærandi til niðurstöðu Evrópuþingsmálsins í máli C-76/10 þar sem komist hefði verið að samskonar niðurstöðu um lánsamning þar sem árleg hlutfallstala kostnaðar hefði hvergi komið fram. Til vara taldi kærandi að ef ekki væri hægt að fallast á fyrrgreinda afstöðu, yrði í það minnsta að miða endurútreikning eftirstöðva lánsins við þá greiðsluáætlun sem lánveitandi gerði og setti fram sem hluta af þeim skjölum sem tilheyrðu umræddum lánsamningum. Þessa afstöðu styddi kærandi með þeim rökum að sá samningur sem gerður hefði verið í upphafi yrði að teljast bindandi fyrir lánveitanda að öllu öðru leyti, en að hinum ólögmæta og þar með óréttmæta verðbreytingarskilmála um viðmið við gengi erlendra gjaldmiðla yrði vikið til hliðar, enda væri það sú krafa sem kærandi hefði raunverulega í frammi, sbr. áðurnefnda 3. mgr. 36. gr. c. laga nr. 7/1936. Kærandi vakti athygli á að upphafleg greiðsluáætlun sem lánveitandi setti fram fyrir bæði þau lán sem um ræddi, miðaðist einmitt við að gengisviðmið héldist óbreytt og þar af leiðandi mætti líta svo á að sú áætlun væri í fullu samræmi við upphaflegar samningsforsendur, að hinni ólögmætu gengistryggingu slepptri. Þannig yrði við endurútreikning lánsins að líta á allar fjárhæðir sem greiddar hefðu verið umfram þær fjárhæðir einstakra gjalddaga sem tilgreindar væru í greiðsluáætlun sem ofgreiðslur og hverja slíka ofgreiðslu skyldi endurgreiða samkvæmt þágildandi 18. gr. laga nr. 38/2001 ásamt almennum vöxtum samkvæmt 4. gr. sömu laga.
11. Varðandi stöðu Arion banka hf. sem nýs kröfuhafa lánsins teldi kærandi sig eiga rétt á því að halda uppi sömu mótbárum við þann kröfuhafa eins og um upphaflegan lánveitanda væri að ræða, sbr. 17. gr. laga nr. 121/1994. Kærandi teldi það koma heim og saman við ummæli af hálfu Arion banka hf. í tölvupósti, þess efnis að bankinn hefði fengið kröfuna framselda frá Dróma hf. og gæti því svarað fyrir þau skjöl sem útbúin hefðu verið við lánveitinguna á sínum tíma.
12. Þann 7. maí 2014 hefði Arion banki hf. endurreiknað bæði lán kæranda og hefði sá útreikningur verið gerður með sömu aðferð og bankinn beitti almennt við slíkan endurútreikning, þ.e. aðferð sem byggðist á dómum um gildi fullnaðarkvittana. Þar sem umsamin greiðslufrákvæmd hefði í tilviki kæranda verið með þeim hætti að framan af lánstímanum hefðu aðeins verið greiddir vaxtagjalddagar, hefðu afborganir af höfuðstól verið litlar sem engar. Með þessu móti væri framhjá því litið að vextir samkvæmt fullnaðarkvittunum hefðu í raun verið reiknaðir af of háum gengistryggðum höfuðstól og innihéldi því enn áhrif hins ólögmæta verðbreytingarákvæðis að óbreyttu. Kærandi telji að jafn ólögmætt hljóti að hafa verið að gengistryggja vextina eins og sjálfan höfuðstól lánsins. Kærandi ítreki þá afstöðu sína að þar sem viðurkennt sé og liggja fyrir að

verðbreytingarákvæði umræddra lánasamninga hafi verið ólögmat, geti kærandi ekki verið skuldbundinn af þeim, hvorki hvað varði breytingar á höfuðstól lánsins né vöxtum. Sé litið framhjá þeim ákvæðum sé aftur á móti ekkert því til fyrirstöðu að efna samningana að fullu, eins og kærandi geri kröfu um. Það sem standi þá eftir sé einfaldlega að samningarnir kveði á um lántöku og endurgreiðslu með tilteknum lánskjörum, en á grundvelli þeirra hafi lánveitandi einmitt reiknað út greiðsluáætlun þá sem fylgdi með láninu. Kærandi telji að miða skuli við þær forsendur þegar lánin séu endurreiknuð enda væri það til hagsbóta fyrir neytanda í stað þess að hann megi bera hallann af því að hafa greitt vexti sem hafi í raun verið of háir og ólöglega gengistryggðir, eins og kærandi telji óréttmætt.

13. Kærandi telji að lög nr. 121/1994 séu sérlög sem verði að ganga framur ákvæðum almennra laga á borð við lög nr. 38/2001, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 121/1994, og því verði að miða lágmarksrétt kæranda sem neytanda við ákvæði þeirra laga. Þá telji kærandi jafnframt að þrátt fyrir að framkvæmd á greiðslum af láninu hafi ekki orðið með þeim hætti sem um var samið í upphafi verði að líta til þess að það megi rekja til atvika er varði kröfuhafa og kæranda verði ekki kennt um í þessu tilviki. Fyrst megi nefna þau ákvæði lánsins um gengistryggingu sem komið hafi í ljós að væru ólögmat, sem hefðu haft í för með sér mikla hækkun á stöðu viðkomandi lána, afborgana og vaxta eins og þær fjárhæðir hafi verið reiknaðar og fram settar af upphaflegum lánveitanda. Næst sé að nefna þær tafir sem orðið hafi á eðlilegri úrlausn mála hjá þeim aðila, af ýmsum ástæðum sem ekki verði raktar hér sérstaklega. Því ástandi hafi lokið með yfirfærslu einstaklingslána til Arion banka hf. eins og áður greini og hafi bæði sú yfirfærsla og nýr útreikningur bankans tekið sinn tíma og valdið frekari töfum á úrlausn mála. Þessi atvik megi að öllu leyti rekja til starfsemi og framferðis upphaflegs lánveitanda og síðari kröfuhafa en séu ekki á ábyrgð kæranda. Kærandi telji því ekki réttmætt að beitt sé hærri vöxtum en um hafi verið samið og hafni að sama skapi öllum vanskilaálögum eða dráttarvöxtum.
14. Að lokum eru í bréfinu dregnar saman kröfur til úrlausnar. Segir þar að þess sé farið á leit að Neytendastofa taki kvörtunina til athugunar og þau atriði sem vakið sé máls á í henni. Burtséð frá því hvort Neytendastofa telji sér fært að úrskurða um einkaréttarlega hagsmuni er varði samningssamband kæranda við Arion banka hf. óski kærandi þess þó að minnsta kosti að við úrlausn málsins verði höfð hliðsjón af tilteknum atriðum sem nánar voru rakin í bréfinu.
15. Í bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 29. september 2014, kemur fram með vísan til erindisins að um sé að ræða tvo samninga sem gerðir hafi verið 15. og 21. nóvember 2007. Lántaki sé neytandi og lánveitandi fjármálafyrirtæki sem hafi atvinnu af lánveitingum. Af þeim gögnum sem erindinu hafi fylgt verði ekki annað ráðið en að um sé að ræða neytendalán sem falli undir ákvæði þágildandi laga nr. 121/1994. Samkvæmt lögum nr. 121/1994 skuli veita allar nauðsynlegar upplýsingar við samningsgerð. Í lögnum sé ekki fjallað um hvernig upplýsingagjöf skuli háttað við endurútreikninga. Þá fái Neytendastofa ekki séð að ákvæðum laganna verði lögjafnað á slíka gerninga. Í lögum nr. 151/2000 um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara, sé ekki kveðið á um slíka upplýsingagjöf. Í 2. málslíð 2. mgr. 14. gr. laga nr. 121/1994 segi að sé árleg hlutfallstala kostnaðar of lágt reiknuð sé lánveitanda eigi heimilt

að krefjast heildarlántökukostnaðar sem gæfi hærri árlega hlutfallstölu kostnaðar. Í 3. mgr. 14. gr. segi jafnframt að ákvæði 2. mgr. gildi ekki ef lánveitandi geti sannað að neytanda hefði mátt vera ljóst hver lántökukostnaðurinn hafi átt að vera. Þá skuli í þessu sambandi jafnframt taka fram að samkvæmt 11. gr. laganna skuli árleg hlutfallstala kostnaðar reiknuð út á þeim tíma sem lánessamningur sé gerður og beri samningur t.d. breytilega vexti skuli við útreikninginn gera ráð fyrir að vextir haldist óbreyttir út lánstímann samkvæmt 12. gr. laganna. Samkvæmt ákvæðum laganna geti árleg hlutfallstala kostnaðar því tekið breytingum yfir lánstímann en í slíkum tilvikum þurfi samningsskilmálar að vera skýrir um breytilegan kostnað.

16. Í 17. gr. laga nr. 121/1994, sem í gildi hafi verið þegar umræddir lánessamningar voru gerðir, sé sérstaklega fjallað um framsal kröfurettinda og að neytandi geti haldið uppi sömu mótbárum gagnvart nýjum kröfuhafa og hann hefði getað gagnvart upphaflegum lánveitanda. Ákvæðið sé einkaréttarlegs eðlis og snúi að kröfu neytanda gagnvart kröfuhafa. Í þeim málum sem stofnunin hafi tekið til skoðunar hafi ávallt reynt á það að ef upplýsingar skorti samkvæmt lögum nr. 121/1994 sé jafnframt um að ræða upplýsingaskort og þar með brot gegn góðum viðskiptaháttum skv. lögum nr. 57/2005. Þá er í bréfinu til þess vísað að stofnuninni sé ekki falið eftirlit með ákvæðum laga nr. 7/1936. Neytendastofa hafi ekki tekið afstöðu til lokapunkts í erindi þar sem þeir Hæstaréttardómar sem snúið hafi að ólögmati gengistryggingar lánessamninga hafi varðað ákvæði laga nr. 38/2001 sem Neytendastofu sé ekki falið eftirlit með. Þá hafi Neytendastofu ekki verið falið eftirlit eða sérstakt hlutverk með ákvæðum laga nr. 151/2010 en benda megi á að Umboðsmanni skuldara hafi verið falið að hafa eftirlit með endurútreikningum erlendra lána.
17. Með vísan til framangreinds bendi Neytendastofa á að kærandi geti farið með málið fyrir úrskurðanefnd í viðskiptum við fjármála fyrirtæki, sem vistuð sé hjá Fjármálaeftirlitinu. Þar geti kærandi einnig fengið leyst úr einkaréttarlegum kröfum gagnvart Arion banka hf.
18. Neytendastofu barst bréf frá kæranda, dags. 20. október 2014, þar sem segir að með vísan til bréfs Neytendastofu verði einna helst ráðið að stofnunin hafi misskilið kvörtunina og að miklu leyti farið á mis við þau kvörtunarefni sem sett hafi verið fram. Í bréfinu er nánar rakið hvaða atriði kærandi teldi að skyldu leiða til aðgerða af hálfu Neytendastofu.
19. Í bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 13. mars 2015, segir að í fyrra bréfi stofnunarinnar sé ekki tekin afstaða til þess hvort Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 121/1994 eða laga nr. 57/2005 við gerð lánessamninganna, enda geti stofnunin ekki tekið afstöðu til þess án þess að málið sé tekið til formlegrar meðferðar. Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. sé ekki starfandi lengur og því geti Neytendastofa ekki beint stjórnslulegri meðferð mála að því fyrirtæki. Eins og fram hafi komið í fyrra bréfi Neytendastofu geti kærandi, sbr. 17. gr. laga nr. 121/1994, haldið uppi sömu mótbárum gagnvart nýjum kröfuhafa en gera verði greinarmun á þeim aðgerðum og stjórnslulegri meðferð og eftir atvikum íþyngjandi stjórnvaldsaðgerðum gagnvart nýjum kröfuhafa. Þess skuli sérstaklega getið að kærandi geti leitað til úrskurðanefndar um viðskipti við fjármála fyrirtæki eða dómstóla þrátt fyrir að Neytendastofa hafi ekki tekið efnislega afstöðu til álitaefnisins og tekið ákvörðun um hvort brotið hafi verið gegn upplýsingaskyldum samkvæmt ofangreindum lögum. Það skuli jafnframt tekið fram að það skaði ekki málatilbúnað kæranda í

einkamáli gegn Arion banka hf. þó erindi til Neytendastofu verði ekki tekið til afgreiðslu hjá stofnuninni. Um málsmeðferð og úrræði Neytendastofu vegna laga nr. 121/1994 gildi ákvæði laga nr. 57/2005 og samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 hafi Neytendastofa við afgreiðslu mála heimild til að forgangsraða málum. Neytendur eigi rétt á að bera kvörtun upp við stofnunina og eigi rétt á að fá formlegt svar við kvörtunum en þeir eigi þó ekki skilyrðislausu kröfu til þess að Neytendastofa taki öll mál til athugunar. Á grundvelli heimildar til forgangsroðunar mála meti stofnunin hvaða kvartanir leiði til aðgerða af hálfu hennar. Með vísan til ofangreinds verði erindið ekki tekið til efnismeðferðar hjá Neytendastofu eða frekari afgreiðslu. Að lokum eru í bréfinu veittar leiðbeiningar um kærueimild til áfrýjunarnefndar neytendamála.

20. Með kæru, dags. 7. apríl 2015, kærði kærandi ákvörðun Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála. Með úrskurði, dags. 11. ágúst 2015, var ákvörðun Neytendastofu felld úr gildi og lagði áfrýjunarnefnd fyrir Neytendastofu að taka erindi kæranda til nýrrar meðferðar. Með bréfi Neytendastofu til Arion banka hf., dags. 1. október 2015, voru bankanum send gögn málsins og óskað skýringa eða athugasemda. Í bréfinu var gerð grein fyrir undanfara málsins og ítrekað, eins og fram hafi komið í bréfum stofnunarinnar til kæranda, að Neytendastofu væri ekki falið eftirlit með ákvæðum laga nr. 7/1936, laga nr. 38/2001 eða laga nr. 151/2010 og taki því erindið ekki til meðferðar á grundvelli þeirra laga.
21. Svar Arion banka hf. barst með bréfi, dags. 20. október 2015. Þar kemur fram að Arion banki hf. hafi aldrei mótmælt því að kærandi geti haft uppi sömu mótbáru gagnvart sér og hún hafi getað gert gagnvart Frjálsa fjárfestingarbankanum hf., enda komi það skýrt fram í 17. gr. laga nr. 121/1994, sem í gildi hafi verið þegar kærandi hafi tekið þau lán sem kvörtunin snúi að. Arion banki hf. telji engan vafa leika á um það að lög nr. 121/1994 gildi um lán kæranda. Arion banki hf. hafi yfirfarið lánaskjöl kæranda sem útbúin hafi verið af Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. og Arion banka hf. yfirtók. Ljóst sé að hvorki sé upplýst um lántökukostnað né árlega hlutfallstölu kostnaðar í skuldaskjölunum sjálfum. Hins vegar hafi kærandi fengið afhentar kaupnótur með lánsamningunum þar sem tilgreindur sé allur lántökukostnaður vegna hvors láns um sig. Þá hafi kærandi fengið send heim yfirlit um ráðstöfun veðskuldabréfs þar sem skýrt komi fram hver lántökukostnaðurinn sé. Kærandi ætti því að vera vel upplýst um hver lántökukostnaðurinn af veðskuldabréfunum hafi verið, þrátt fyrir að þessar upplýsingar hafi ekki komið fram í skuldaskjalinu sjálfu.
22. Í 14. gr. laga nr. 121/1994 sem í gildi voru er kærandi undirritaði umrædd veðskuldabréf sé fjallað um afleiðingar þess að ekki sé getið um lántökukostnað í skuldaskjali. Í 1. mgr. 14. gr. segi að ef lántökukostnaður sé ekki tilgreindur í skuldaskjali sé lánveitanda ekki heimilt að krefja neytanda um greiðslu hans. Þá segi í 2. mgr. 14. gr. að lánveitanda sé eigi heimilt að krefja um hærri lántökukostnað en tilgreindur sé í skuldaskjali. Í 3. mgr. 14. gr. segi hins vegar að framangreind ákvæði 1. og 2. mgr. gildi ekki ef lánveitandi geti sannað að neytanda hafi mátt vera ljóst hver lántökukostnaðurinn átti að vera. Arion banki hf. telji að með því að senda kæranda þrjár tilkynningar vegna hvors láns um sig hafi kæranda mátt vera vel ljóst hver lántökukostnaðurinn hafi verið og geti hún því ekki borið fyrir sig 1. og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 121/1994.

23. Hvað varði árlega hlutfallstölu kostnaðar þá sé ekki upplýst hver hún hafi verið í framangreindum skuldaskjölum. Arion banki hf. hafni hins vegar skýringum kæranda þess efnis að þar sem ekki hafi verið upplýst um árlega hlutfallstölu kostnaðar sé hún 0% og að eigi sé heimilt að innheimta hærri vexti og kostnað af láninu en sem gefi 0% árlega hlutfallstölu kostnaðar. Skýrlega sé kveðið á um hvaða vexti lánin báru í skuldaskjölunum og fullyrðing kæranda um að bankanum sé óheimilt að innheimta vexti þar sem það hafi láðst að upplýsa um árlega hlutfallstölu kostnaðar eigi sér enga stoð í lögum nr. 121/1994. Skýring kæranda eigi ekki við nein rök að styðjast og geti Arion banki hf. ekki fallist á að þetta sé stærðfræðileg skýring á því þegar engar upplýsingar séu fyrir hendi, þ.e. þegar ekki sé upplýst um árlega hlutfallstölu kostnaðar í skuldaskjali.
24. Að því er varðar það hvort slík upplýsingaskylda eigi við um endurútreikninga og niðurstöður þeirra bendi Arion banki hf. á að endurútreikningur sá sem gerður hafi verið á framangreindum lánnum kæranda hafi verið framkvæmdur í samræmi við ákvæði til bráðabirgða X. laga nr. 38/2001, í samræmi við fyrirmæli 18. gr. laganna. Hvergi í framangreindum lögum sé kveðið á um að sambærilegar upplýsingar og listaðar séu upp í 6. gr. laga nr. 121/1994 skuli koma fram í endurútreikningi. Arion banki hf. telji því að ekki hafi borið að veita þær upplýsingar sem taldar séu upp í umræddri grein.
25. Varðandi það hvort það teljist brjóta gegn banni við óréttmætum viðskiptaháttum að bera fyrir sig samningsskilmála þá sem hér um ræði vísar Arion banki hf. til fyrra svars. Þrátt fyrir að upplýsingar um lántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar hafi vantað í skuldaskjöl hafi kærandi ítrekað verið upplýst um þann lántökukostnað sem fylgdi lántökum hennar. Geti Arion banki hf. ekki fallist á að brotið hafi verið gegn lögum nr. 57/2005. Um það hvort bankanum sé heimilt að innheimta kostnað sem gefi hærri árlega hlutfallstölu kostnaðar en reikna megi út miðað við upphaflegar greiðsluáætlanir viðkomandi lána telji bankinn nægilega sýnt fram á að kærandi hafi verið upplýst um þann lántökukostnað sem fylgdi lántökunum.
26. Varðandi það hvort bankanum sé heimilt að innheimta hærri fjárhæðir á gjalddögum en samkvæmt upphaflegum greiðsluáætlunum bendir Arion banki hf. á að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 og í lögum nr. 38/2001 komi skýrlega fram að gengistryggð lán skuli bera vexti skv. 4. gr., sbr. 3. gr., laga nr. 38/2001 til frambúðar. Framangreinda niðurstöðu hafi Hæstiréttur staðfest í fjölda dóma.
27. Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 6. nóvember 2015, var kæranda sent svarbréf Arion banka hf. til upplýsingar. Í bréfinu kom jafnframt fram að stofnunin teldi gagnaöflun málsins lokið og yrði málið tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.
28. Neytendastofu bærust frekari athugasemdir frá kæranda með bréfi, dags. 10. nóvember 2015. Bréf kæranda var sent Arion banka hf. til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 11. nóvember 2015. Ekkert svar barst og var Arion banka hf. send ítrekun með bréfi Neytendastofu, dags. 19. janúar 2016. Í bréfinu kom fram að bærst ekki svar teldi Neytendastofa gagnaöflun málsins lokið og yrði málið þá tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

29. Með bréfi Neytendastofu, dags. 7. júní 2016, var aðilum málsins tilkynnt að í ljósi dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2935/2015 frá 8. apríl 2016, þar sem fram komi að Neytendastofa hafi frá gildistöku laga nr. 33/2013 ekki lagaheimild til töku ákvarðana á grundvelli laga nr. 121/1994, væri erindið sett í bið þar til niðurstaða Hæstaréttar lægi fyrir.
30. Neytendastofu barst beiðni um endurupptöku kvörtunar með bréfi kæranda, dags. 28. maí 2018. Í bréfinu er þess óskað, með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 623/2016 sem og 2. töluliðar 1. mgr. 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, að málið yrði tekið af bið og til efnislegrar meðferðar á ný. Vegna dóms Hæstaréttar vilji kærandi jafnframt koma á framfæri frekari athugasemdum. Í bréfinu eru lagðar fram nýjar athugasemdir og snýr hin fyrri að vaxtaendurskoðun. Segir í bréfinu að í úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 20/2014 hafi verið talið brjóta gegn 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 að tilgreina ekki í vaxtaendurskoðunarákvæði neytendaláns við hvaða aðstæður vextir þess breyttust. Kærandi vekir athygli á því að í þeim lánsamningum sem kvörtun þessi snúi að sé að finna svipað ákvæði um endurskoðun vaxta í 6. gr. skuldabréfanna. Kærandi telur þann skilmála vera sama marki brenndan þar sem ekki sé tilgreint við hvaða aðstæður vaxtaálag breytist. Kærandi fari þess því á leit að Neytendastofa taki afstöðu til þess hvort 6. gr. skilmála lánanna brjóti í bága við 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994.
31. Síðari athugasemd kæranda laut að vaxtabreytingum. Segir í bréfi hennar að með hliðsjón af framangreindum Hæstaréttardómi sé ljóst að lög nr. 121/1994 gildi sérstaklega um lán sem tekin hafi verið í gildistíð þeirra, líkt og þau sem kvörtunin lúti að. Eins og komi fram í upphaflegri kvörtun hafi kæranda ekki verið veittar tilskildar upplýsingar um kostnað vegna lánökunnar og árlega hlutfallstölu kostnaðar, sbr. 6. gr. laganna. Jafnframt bendi kærandi á að í þeim lánsamningum sem kvörtunin snúi að hafi ekki verið tilgreindar neinar aðstæður sem vextir myndu breytast við, nema að þeir tækju mið af breytingum á LIBOR vöxtum, en það vaxtaviðmið hafi verið dæmt ógilt með dómi Hæstaréttar í máli nr. 471/2010. Samkvæmt 3. mgr. 36. gr. c. samningalaga nr. 7/1936 skuli samningur við neytanda gilda að öðru leyti þó óréttmætum skilmála sé vikið til hliðar. Eins og fram komi í upphaflegri kvörtun byggir hún einkum á því að við þær lánveitingar sem um ræði hafi lánveitandi ekki veitt kæranda upplýsingar um heildarlánökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar.
32. Að mati kæranda eigi slík vanræksla á upplýsingaskyldu lánveitanda að leiða til þess að honum sé samkvæmt 14. gr. laga nr. 121/1994 óheimilt að krefjast hærri lánskostnaðar en raunverulega komi fram í upphaflegum lánsamningum aðila. Kærandi vísir í þessu sambandi til fyrirnefnds dóms Hæstaréttar í máli nr. 623/2016 en með honum hafi úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála verið staðfestur. Í þeim úrskurði hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994 með því að tilgreina ekki í lánsamningi við hvaða aðstæður vextir breyttust. Jafnframt hafi verið lagt bann við því að breyta vöxtum samkvæmt viðkomandi skilmála lánsamnings. Kærandi telur að það sama eigi við í máli þessu, þ.e. að lánveitanda sé óheimilt að breyta vöxtum vegna aðstæðna sem ekki komi fram í lánsamningi að gætu leitt til slíkra vaxtabreytinga. Gildi þá einu hvort slíkar breytingar hafi komið til vegna breytinga á lögum nr. 38/2001 eða öðrum aðstæðum sem ekki hafi komið fram í upphaflegum lánsamningi. Enn fremur geti slíkar breytingar ekki gilt með afturvirkum hætti séu þær íþyngjandi fyrir neytanda, enda gildi

ákvæði laga nr. 121/1994 um lánið. Kærandi vísi einnig til dóms Hæstaréttar í máli nr. 672/2012, en í honum hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að þar sem ekki kæmi fram í samningi að lán væri verðtryggt og vextir breytilegir, yrði að leggja til grundvallar að lánið væri óverðtryggt og myndi bera þá vexti sem kæmu fram í greiðsluáætlun sem fylgdi með upphaflegum samningi.

33. Kærandi telji atvik í máli þessu sambærileg að því leyti að annars vegar hafi verið viðurkennt að verðtryggingarskilmálar umræddra lána séu ólögmatir og því ekki skuldbindandi og hins vegar að skilmálar um breytilega vexti séu ógildir þar sem þeir hafi staðið í órjúfanlegum tengslum við umsamda verðtryggingu lánanna miðað við gengi erlendra gjaldmiðla. Að því frágengnu standi þá eftir að í greiðsluáætlunum með lánssamningum kæranda hafi komið fram upplýsingar um þann kostnað sem þyrfti að greiða af lánunum miðað við upphaflegar forsendur. Kærandi ítreki líkt og áður hafi komið fram í máli þessu, að þegar svo beri undir verði að miða við umrædda greiðsluáætlun. Lánveitanda sé því ekki heimilt að krefjast hærri kostnaðar en þar sé getið um.
34. Loks bendi kærandi á að kvörtunin hafi í raun ekkert með vaxtalög að gera því umkvörtunarefnin lúti öll að þeim reglum sem felist í lögum nr. 121/1994. Um það sjónarmið vísist til ákvörðunar Neytendastofu nr. 24/2014. Í lokakafla bréfsins segir að kærandi krefjist þess með vísan til framangreindra röksemda að Neytendastofa taki kvörtunina til úrlausnar með sama hætti og gert hafi verið í sambærilegum málum. Sú krafa byggir jafnframt á úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 7/2015, þeim framgangi málsins sem að framan hafi verið rakinn og enn fremur á 2. tölul. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 37/1993 enda hafi þau atvik sem liggja til grundvallar málinu breyst verulega frá því að umrædd ákvörðun var tekin.
35. Kærandi leggi áherslu á að tekin verði afstaða til eftirfarandi álitafna: Að ákvæði umræddra lánssamninga um vaxtaendurskoðun hafi brotið gegn 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994 með því að tilgreina ekki við hvaða aðstæður vaxtaálag geti breyst. Að lánveitandi hafi brotið gegn 5. gr., sbr. 4. tölulið 6. gr. og 7. gr. laga nr. 121/1994 með því að veita ekki upplýsingar um heildarlántökukostnað í umræddum samningum um neytendalán. Að lánveitandi hafi brotið gegn 5. gr., sbr. 5. tölulið 6. gr. laga nr. 121/1994 með því að veita ekki upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar. Að vanræksla lánveitanda á framangreindri upplýsingaskyldu hafi brotið gegn 5. gr., sbr. 8. gr., og 9. gr. laga nr. 57/2005. Að vegna vanrækslu lánveitanda á framangreindu og með tilliti til þess að gengistryggingarákvæði lánssamninganna hafi verið ólögmat væri að leggja til grundvallar þau gögn sem hafi verið hluti af upphaflegum lánssamningum þar sem hafi komið fram upplýsingar um þá vexti og annan kostnað sem að óbreyttu skyldi greiða af lánunum. Að samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 121/1994 sé lánveitanda ekki heimilt að krefja neytanda um greiðslu vaxta eða annars lántökukostnaðar sem ekki sé tilgreindur í lánssamningi. Að sé árleg hlutfallstala kostnaðar of lágt reiknuð sé lánveitanda ekki heimilt að krefjast heildarlántökukostnaðar sem gæfi hærri árlega hlutfallstölu kostnaðar. Hvort rétt sé að leggja bann við framangreindum athöfnum sem brjóti í bága við ákvæði laga nr. 121/1994 á grundvelli 1. mgr. 25. gr. þeirra, sbr. 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005.
36. Arion banka hf. var sent bréf kæranda til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 29. maí 2018. Í bréfinu var til þess vísað að samkvæmt dómi Hæstaréttar geti Neytendastofa tekið efnislega

ákvörðun í máli þessu. Þá var í bréfinu vísað til þess að í bréfi kæranda hafi verið vísað til ákvæða 5., 6., 7. og 9. gr. auk 10.-12. gr. laga nr. 121/1994 sem og 5., 8. og 9. gr. laga nr. 57/2005. Mál þetta varði efni lánsamninga sem gerðir hafi verið í nóvembermánuði árið 2007 og því bendi Neytendastofa á að til álita komi ákvæði laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, eins og þau stóðu fyrir gildistöku laga nr. 50/2008. Núgildandi ákvæði 5., 8. og 9. gr. laganna eigi því ekki við um erindið. Neytendastofa telji þágildandi ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 eiga við um erindið.

37. Svar Arion banka hf. barst með bréfi, dags. 11. júní 2018. Þar kemur fram að bankinn hafi svarað með ýtarlegum hætti öllum þeim atriðum sem kærandi hafi sett fram í bréfum sínum og vísi til fyrri bréfa og röksemda sem þar komi fram af hálfu bankans. Í ljósi þess að í bréfi kæranda um endurupptöku málsins komi fram nýjar athugasemdir sem snúi að vaxtaendurskoðun sem verið hafi til umfjöllunar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 623/2016 vilji bankinn koma eftirfarandi á framfæri sem og því að bankinn telji framangreindan dóm á engan hátt tengjast máli kæranda eða vera fordæmisgefandi í máli hans. Skuldabréf þau sem kærandi hafi gefið út til Frjálsa fjárfestingarbankans hf. séu bréf í erlendri mynt sem hafi borið breytilega LIBOR vexti og hafi lán sem þessi í erlendri mynt verið dæmd ólöglegt af Hæstarétti. Lánin hafi af þeim sökum verið endurútreiknuð hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. sem og hjá Arion banka hf. eftir að hann fékk þau framseld á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða X. laga nr. 38/2001 í samræmi við fyrirmæli 18. gr. laganna. Þá beri að geta þess að vaxtaálagi hafi ekki verið breytt til hækkunar eða lækkunar og því verði ekki séð að kærandi hafi ofgreitt vexti. Með vísan til alls framangreinds og fyrri röksemda bankans þygi ljóst að ekki sé þörf á að túlka skilmála láns sem Hæstiréttur hafi dæmt ólöglegt auk þess sem ekki liggi fyrir að kærandi hafi orðið fyrir neinu tjóni.
38. Kæranda var sent bréf Arion banka hf. til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 15. júní 2018. Við sama tilefni var aðilum málsins tilkynnt um lok gagnaöflunar.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

39. Í upphafi hinnar kærðu ákvörðunar er tekið fram að afgreiðsla málsins hafi tafist töluvert. Þetta skýrist annars vegar af því að stofnunin hafi í upphafi vísað málinu frá en síðar tekið það til efnismeðferðar eftir úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 7/2015. Á síðari stigum hafi málið verið sett í bið þar sem héraðsdómur Reykjavíkur hafi komist að þeirri niðurstöðu í dómi sínum gagnvart stofnuninni að frá gildistöku laga nr. 33/2013 um neytendalán gæti stofnunin ekki tekið ákvarðanir á grundvelli laga nr. 121/1994 um neytendalán, sem felld voru úr gildi með lögum nr. 33/2013. Málið hafi síðan verið tekið úr bið eftir að dómur Hæstaréttar í máli nr. 623/2016 féll þar sem niðurstöðu héraðsdóms var snúið við og staðfest að Neytendastofa geti enn tekið ákvarðanir á grundvelli laga nr. 121/1994.
40. Erindi kæranda sé margþætt en helstu athugasemdir snúi að því að henni hafi ekki verið veittar fullnægjandi upplýsingar um heildarlántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar samkvæmt 4. og 5. tölul. 1. mgr. 6. gr., sbr. 5. gr., þágildandi laga nr. 121/1994 um neytendalán, sem feli jafnframt í sér brot gegn góðum viðskiptaháttum samkvæmt 5. gr. þágildandi laga nr. 57/2005 um eftirlit með

óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Á síðari stigum málsins hafi kærandi einnig gert athugasemdir við skilmála samninganna að því er varði heimild lánveitanda eða kröfueiganda til breytinga á vaxtaálagi. Telji kærandi upplýsingarnar ekki uppfylla skilyrði 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 um að veittar séu upplýsingar um það við hvaða aðstæður og með hvaða hætti vaxtaálag geti breyst. Kærandi geri, á grundvelli 1. mgr. 14. gr. laga nr. 121/1994, þá aðalkröfu að í ljósi upplýsingaskorts hafi verið óheimilt að krefja hana greiðslu kostnaðar sem ekki komi fram í árlegri hlutfallstölu kostnaðar og þar sem árleg hlutfallstala kostnaðar hafi ekki komið fram verði litið svo á að hún sé 0%. Þá geri kærandi þá varakröfu að umræddur upplýsingaskortur leiði til þess að ekki sé heimild til innheimtu frekari kostnaðar en fram kom í upphaflegri greiðsluáætlun.

41. Í ákvörðuninni er rakið að í bréfum kæranda á fyrri stigum málsins hafi verið vísað til 36. gr. c. laga nr. 7/1936 um samningsgerð umboð og ógilda löggerninga og að þar sem gengistrygging samningsins hafi verið metin ólögmet skuli þeim hluta skilmálanna vikið til hliðar en samningur standa að öðru leyti. Neytendastofa bendi á að stofnuninni séu ekki veittar heimildir til að víkja til hliðar ákvæðum samninga samkvæmt lögum nr. 7/1936. Neytendastofu beri engu að síður að leggja mat á það hvort einhliða samin ákvæði sem seljendur vöru eða þjónustu setja í samninga við neytendur stríði gegn góðum viðskiptaháttum eða raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytanda í óhag að mati stofnunarinnar.
42. Í bréfum kæranda hafi verið vísað til ákvæða 5., 6., 7., 9., 10., 11., 12. og 14. gr. laga nr. 121/1994, auk 5. gr. laga nr. 57/2005, eins og þau stóðu fyrir gildistöku breytingalaga nr. 50/2008. Auk þess hafi þar verið vísað til ákvæða laga nr. 7/1936 en eins og fram hafi komið við meðferð málsins hafi Neytendastofa ekki heimild til að víkja til hliðar í heild eða hluta ósanngjörnum samningsskilmálum sem að gildandi lögum verði aðeins, að því er gildi slíkra ákvæða varði, borið undir dómstóla. Framangreind ákvæði laga nr. 7/1936 komi til skoðunar til fyllingar og nánari skýringar við úrlausn málsins í samræmi við eftirlitshlutverk Neytendastofu samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/2005. Þá hafi einnig verið vísað til ákvæða laga nr. 38/2001. Þar sem Neytendastofu sé ekki falið eftirlit eða hlutverk samkvæmt þeim lögum verði ekki fjallað sérstaklega um þau ákvæði.
43. Í hinni kærðu ákvörðun eru síðan rakin viðeigandi ákvæði laga nr. 121/1994 sem reyni á í máli kæranda. Þá kemur fram að Neytendastofa telji ótvírætt að málið varði neytendalán í skilningi þágildandi laga þar um nr. 121/1994. Þá hafi á fyrri stigum málsins verið tekinn af allur vafi um það að kröfu verði beint að núverandi kröfuhafa, Arion banka hf., sem skv. 17. gr. laganna taki við öllum réttindum og skyldum gagnvart neytanda við framsal kröfunnar. Samningarnir séu veðskuldabréf, fasteignalán í erlendri mynt, og komi þar fram að viðkomandi skuldabréf séu gengistryggð, með breytilegum LIBOR vöxtum og jöfnum afborgunum. Vextir séu tilgreindir sem eins mánaðar LIBOR og vaxtaálag 2,55%. Er síðan vísað til 3. gr. skilmála bréfanna: „Af láni þessu greiðast breytilegir LIBOR vextir (London Inter Bank Offered Rate), sbr. ofangreint. Með LIBOR vöxtum er átt við vexti á millibankamarkaði í London eins og þeir eru auglýstir kl. 11 að staðartíma í London á BAA síðu Reuters, eða sambærilega vexti eins og þeir birtast á síðu 3750 á Dow Jones Telerate skjá tveimur dögum fyrir hvert vaxtatímabil. Vextirnir greiðast eftir á, á sama tíma og afborganir nema samið sé um sérstaka vaxtagjalddaga, en þá koma þeir á undan. Á

vaxtagjalddögum greiðast ekki afborganir af höfuðstól heldur vextir og dregst þá fjöldi vaxtagjalddaga frá fjölda afborgana.“

44. Þá er vísað til 6. gr. skilmálanna, þar sem kveðið er á um endurskoðun vaxtaálags, en þar segir: „Kröfuhafa er heimilt að liðnum 3 árum frá útgáfudegi, og þar á eftir á 3ja ára fresti, að endurskoða ofangreint vaxtaálag til hækkunar eða lækkunar. Ákveði kröfuhafi að breyta vaxtaálaginu verður útgefanda tilkynnt um það og ástæður þess tilgreindar. Vilji útgefandi ekki una breytingunni er honum heimilt að greiða skuldina upp með því vaxtaálagi sem í gildi var fram að breytingunni, enda hafi hann að fullu greitt skuldina innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar kröfuhafa. Kröfuhafa er heimilt að framselja veðskuldabréf þetta.“
45. Vísað er til þess að skuldabréfunum hafi fylgt kaupnótur þar sem m.a. komi fram heildarvextir, lánstegund, nafnverð lánsins auk stimpil-, lántöku-, þinglýsinga- og annars kostnaðar. Auk þess yfirlýsing þar sem komi að útgefandi bréfsins geri sér grein fyrir áhættum sem lántöku í erlendi mynt fylgi, þ.e. gengisáhættu þar sem höfuðstóll geti hækkað umtalsverð á lánstímanum og vaxtaáhættu sem felist m.a. í því að lánið sé með breytilegum vaxtagrunni, eins mánaðar LIBOR vöxtum, með föstu álagi. Þá hafi fylgt greiðsluáætlun þar sem annars vegar sé gerð grein fyrir skiptingu hvernar greiðslu eftir gjalddaga auk samtalna afborgana, vaxta, greiðslugjalds og greiðslna og hins vegar séu settar fram frekari leiðbeiningar um að skuldabréfið sé gengistryggt og beri breytilega eins mánaðar LIBOR vexti.
46. Í hinni kærðu ákvörðun kemur síðan fram sú afstaða Neytendastofu að það hvíli afdráttarlaus skylda á lánveitanda að upplýsa neytanda skriflega í lánsamningi m.a. um heildarlántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar. Samkvæmt skýringu 7. gr. laga nr. 121/1994 feli heildarlántökukostnaður í sér allan kostnað af láninu, þar með talda vexti og önnur gjöld sem neytandi þarf að greiða. Af gögnum málsins megi sjá að kærandi hafi fengið afhent ýmis fylgigögn við útgreiðslu lánsins, þ. á m. kvittun frá lánveitanda eða svonefnda kaupnótu þar sem komi lánupplýsingar og ýmsar tilvísanir til atriða sem varða lánveitinguna, s.s samtölu kostnaðar, þ.e. samtölu stimpil-, lántöku-, þinglýsinga- og annars kostnaðar til skýringar á frádregnum kostnaði við kaupverð skuldabréfsins. Í öðrum fylgigögnum komi fram upplýsingar um samtölu vaxta og samtölu greiðslugjalds. Heildarlántökukostnaður, þ.e. samtala alls kostnaðar, sé þó hvergi settur fram.
47. Eðli samningsins, þ.e. gengistryggðs samnings, hafi í för með sér að annars vegar höfuðstóll lánsins og hins vegar vextir hans séu breytilegir á lánstímanum og samkvæmt gögnum málsins hafi kæranda verið gerð grein fyrir því að taka skyldi tillit til slíkrar áhættu við ákvörðun um lántökuna. Sú staðreynd að vextir og þar af leiðandi heildarlántökukostnaður skv. 7. gr. laga nr. 121/1994 hafi tekið breytingum á lánstímanum hafi ekki dregið úr upplýsingaskyldu lánveitanda samkvæmt 6. gr. Hið sama eigi við um árlega hlutfallstölu kostnaðar. Á lánveitanda hvíli afdráttarlaus skylda til að reikna árlega hlutfallstölu kostnaðar þegar lánsamningur sé gerður samkvæmt þeim forsendum sem þar komi fram og leiðbeiningum í þágildandi reglugerð nr. 377/1993, um neytendalán. Skylda lánveitanda til upplýsinga um árlega hlutfallstölu kostnaðar verði aldrei uppfyllt með því einu að veittar séu upplýsingar um þær forsendur sem að baki henni liggi samkvæmt samningi, heldur hvíli skylda á lánveitanda til að reikna hana út og upplýsa neytanda um hana skriflega í lánsamningi.

48. Samkvæmt þessu hafi Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. brotið gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 4. og 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994. Neytendastofa telji skort á slíkum upplýsingum einnig stríða gegn góðum viðskiptaháttum samkvæmt þágildandi 5. gr. laga nr. 57/2005.
49. Kærandi hafi farið fram á afstöðu Neytendastofu til þess hvort framangreind upplýsingaskylda nái jafnframt til endurútreikninga samningsins samkvæmt bráðabirgðaákvæði X., sbr. 18. gr. laga nr. 38/2001. Um þetta segir í hinni kærðu ákvörðun að í lögum nr. 121/1994 sé m.a. um það fjallað hvaða upplýsingar lánveitandi skuli veita neytanda við upphaflega lánveitingu. Þá sé um það fjallað í 3. mgr. 6. gr. að tilkynna beri breytingar á gjaldtöku vegna lánessamninga en í lögunum sé ekki gerð krafa um sérstaka upplýsingagjöf í tengslum við endurútreikninga eða skilmálabreytingar þeirra samninga sem undir lögin falla. Ákvæði 3. mgr. 6. gr. geri ekki kröfu um að neytendum séu veittar að fullu nýjar upplýsingar samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins við breytingu á gjaldtöku. Þannig sé í ákvæðinu t.a.m. ekki gerð krafa um að neytendum séu veittar upplýsingar um nýja, framreiknað árlega hlutfallstölu kostnaðar eða heildarlántökukostnað.
50. Neytendastofa telji því ekki unnt að fallast á að brotið hafi verið gegn 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994 við endurútreikningana. Stofnunin bendir þó á að þegar gerður sé nýr samningur, óháð því hvort tilefni hins nýja samnings sé lagabreyting eða önnur ástæða, þurfi hinn nýi samningur eðli málsins samkvæmt að uppfylla skilyrði þeirra laga sem um form og upplýsingar hans gilda á hverjum tíma. Þegar lántaki sé neytandi fari því um slíka samninga eftir lögum um neytendalán eða fasteignalán til neytenda sem Neytendastofa hafi eftirlit með. Skuli þá litið til skilmála samningsins um breytingu á vöxtum. Samkvæmt skilmálum bréfsins beri það annars vegar breytilega LIBOR vexti og hins vegar fast vaxtaálag sem kröfuhafa sé þó veitt heimild til breytinga á, til hækkunar eða lækkunar, á þriggja ára fresti. Hvað breytilega LIBOR vexti varði sé skilmerkilega til þess vísað að samningurinn beri eins mánaðar breytilega LIBOR vexti og grein gerð fyrir því hvar upplýsingar um þá megi finna hverju sinni. Um sé að ræða þekkta, opinberlega birta vexti sem algengt hafi verið að lánveitendur miðuðu við á gengistryggðum lánum. Neytendastofa telji fullnægjandi grein gerða fyrir vöxtunum, hvernig þeir breytist og við hvaða aðstæður í skilmálum bréfsins, með tilliti til skilyrða 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994.
51. Í þessu sambandi skuli þess þó getið að samkvæmt niðurstöðum Hæstaréttar séu bein og órjúfanleg tengsl milli ákvæðis samnings um gengistryggingu og fyrirmæla þar um vexti. Því leiði ólögmæti gengistryggingar til þess að óhjákvæmilegt sé að líta með öllu framhjá ákvæðum samnings um vaxtahæð. Þær niðurstöður byggja þó ekki á ákvæðum laga um neytendalán og geti að mati Neytendastofu ekki leitt til þess að litið verði svo á að brotið sé gegn ákvæðum þeirra laga.
52. Hvað vaxtaálag varði hafi kæranda samkvæmt gögnum málsins verið gerð grein fyrir því hvert vaxtaálagið hafi verið við gerð samningsins og, eins og að ofan greinir, að kröfuhafi gæti breytt vaxtaálagi að liðnum þremur árum og á þriggja ára fresti eftir það. Hins vegar sé engar upplýsingar að finna um þær aðstæður sem ráðið geta breytingum á vaxtaálagi. Í lögskýringargögnum með ákvæði 9. gr. laga nr. 121/1994 sé því ekki lýst hvað geti talist aðstæður sem leiði til breytinga og skylt sé að skýra neytendum frá. Þá sé ekki fjallað um hversu ítarlega greina skuli frá þeim aðstæðum sem ráðið geta vaxtabreytingum. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 623/2016 sé m.a. um það

fjallað að þeim áskilnaði að tilgreina við hvaða aðstæður megi breyta hæð vaxta sé: „ekki fullnægt með því að taka aðeins fram að lánveitandinn gæti einhliða ákveðið að breyta hæð vaxta, að það mætti ekki gera fyrr en fimm árum eftir útgáfu skuldabréfsins og síðan aftur á fimm ára fresti og að honum bæri að tilkynna lántaka um slíka breytingu með eins mánaðar fyrirvara, enda sneru þau ákvæði í skuldabréfinu að aðferð til að hrinda í framkvæmd breytingu á vöxtum, en ekki tilefninu til að taka ákvörðun um hana. Um slíkt tilefni var þar ekkert sagt. Þegar af þessum sökum uppfylltu skilmálar skuldabréfsins ekki það skilyrði 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994 að þar yrði að tilgreina við hvaða aðstæður breyta mætti vöxtum af skuld áfrýjandans“.

53. Samkvæmt framangreindu uppfylli 6. gr. skilmála þeirra veðskuldabréfa sem málið lúti að ekki skilyrði 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994. Neytendastofa telji skort á slíkum upplýsingum einnig stríða gegn góðum viðskiptaháttum samkvæmt þágildandi 5. gr. laga nr. 57/2005.
54. Í hinni kærðu ákvörðun er síðan bent á að í niðurstöðum dómstóla, sem og úrskurðum áfrýjunarnefndar neytendamála og ákvörðunum Neytendastofu, hafi komið fram að lánveitendum sé ekki heimil innheimta kostnaðar sem ekki sé tilgreindur í lánsamningi, sbr. 1. og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 121/1994, og að lánveitendur geti ekki nýtt heimild í skilmálum skuldabréfa til vaxtaendurskoðunar uppfylli ákvæðin ekki skilyrði 6. og 9. gr. laganna um tilgreiningu aðstæðna sem ráðið geta vaxtabreytingum. Verði þó að meta afleiðingar í hverju tilviki með tilliti til 3. mgr. 14. gr.
55. Kæranda hafi við upphaf lántöku verið veittar upplýsingar um vexti samningsins og vaxtaálag hvoru tveggja á þeim tíma sem samningur var gerður. Þá hafi verið veittar upplýsingar um annan kostnað tengdan lántökunni. Samtölu fyrir heildarlántökukostnað auk árlegrar hlutfallstölu kostnaðar skorti þó í samninginn. Í 14. gr. laga nr. 121/1994 sé ekki um það fjallað hvernig fara skuli með kostnað af samningi ef samtekinn heildarlántökukostnaður eða árleg hlutfallstala kostnaðar séu ekki tilgreind. Neytendastofu sé falið eftirlit með ákvæðum laga nr. 121/1994 sem feli í sér að stofnunin geti gripið til aðgerða þegar brotið er gegn ákvæðum laganna. Eftirlit Neytendastofu, hvort sem er með ákvæðum laga nr. 121/1994 eða annarra laga sem stofnuninni hefur verið falið eftirlit með, sé á allsherjarréttarlegum grunni og geti stofnunin ekki fjallað um einkaréttarlega hagsmuni eða tekið afstöðu til fjárfrafna neytenda í einstökum málum. Þá verði ekki framhjá því litið að í málinu sé um að ræða lánsamning sem dæmdur hafi verið ólögmætur af Hæstarétti með tilliti til laga nr. 38/2001, þ.e. að binding hans við gengi erlendra gjaldmiðla sé ólögmæt verðtrygging sem jafnframt leiði til þess að líta verði framhjá ákvæðum samnings um vaxtahæð. Í kjölfar dómanna hafi löggjafinn ákveðið að grípa inn í með nýrri lagasetningu þar sem kveðið sé á um hvernig framkvæmd umræddra samninga skuli vera. Hafi þetta verið gert með lögum nr. 151/2010, til breytinga m.a. á lögum nr. 38/2001. Í lögnum sé um það fjallað hvernig farið skuli með verðtryggingu samninganna og hvaða vexti lánin skuli bera. Eins og að framan greini telji Neytendastofa skilmála skuldabréfsins brjóta gegn 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 og þágildandi 5. gr. laga nr. 57/2005. Í því felist að skilmálarnir séu óljósir og villandi gagnvart kæranda sem sé aðili þessa máls og stríði þar með gegn góðum viðskiptaháttum.

56. Í hinni kærðu ákvörðun er síðan rakið að samkvæmt 3. mgr. 36. gr. c. laga nr. 7/1936 teljist samningur ósanngjarn stríði hann gegn góðum viðskiptaháttum og raski hann til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna sammingsaðila, neytanda í óhag. Til þess að fá úr því skorið hvort og með hvaða hætti allir ofangreindir annmarkar á lánessamningu hafa áhrif á eftirstöðvar og endurgreiðslu sammingsins þurfi kærandi að leita niðurstöðu dómstóla. Fyrir liggir að umrædd skuldabréf hafi verið samin af Frjálsa fjárfestingarbankanum hf., sem ekki sé starfræktur. Þá hafi samningar á þessu formi verið dæmdir ólögmatir og því ljóst að nýr kröfuhafi, Arion banki hf., veiti ekki eða taki við sambærilegum útgefnum skuldabréfum. Af þeim gögnum sem stofnuninni hafi borist vegna annarra mála hafi ekkert gefið til kynna að skilmálar nýrra sambærilega lána eða skuldabréfa séu með sama hætti eða að upplýsingagjöf Arion banka hf. sé haldin sömu annmörkum. Af þessum ástæðum og með hliðsjón af niðurstöðu málsins telji Neytendastofa ekki tilefni til að grípa til frekari aðgerða gagnvart Arion banka hf. s.s. með sektum, fyrirmælum um úrbætur eða banni við viðskiptaháttunum.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

57. Í kæru, dags. 10. ágúst 2018, er þess krafist að niðurstöður hinnar kærðu ákvörðunar verði staðfestar en að auk þess verði tekin afstaða til ákveðinna álitafna sem kvörtunin beindist að en ekki var leyst úr efnislega með hinni kærðu ákvörðun.
58. Kærandi telur að með endurútreikningi lána kæranda hafi Arion banki hf. ekki gætt að ákvæðum laga nr. 121/1994 og þá einkum og sér í lagi 14. gr. laganna. Kærandi vísar í þessu samhengi einnig til 2. mgr. 36. gr. c. laga nr. 7/1936. Kærandi bendir á að síðarnefnda ákvæðið feli í sér innleiðingu á 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 93/13/EBE um ósanngjarna skilmála í neytendasamningum.
59. Þrátt fyrir að umrædd tilskipun standi því ekki í vegi að Alþingi geti sett almennar reglur um uppgjör skuldbindinga sem reynist byggja á ógildum sammingsákvæðum, líkt og gert var með lögum nr. 151/2010 um breytingu á lögum nr. 38/2001, geti slík lög ekki haggð þeim sérstöku skyldum sem leiða af framangreindum tilskipununum. Við beitingu slíkra reglna verði að líta til ákvæða EES-sammingsins, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Af bókun 35 við EES-samninginn leiðir m.a. að tryggja þarf að EES-reglur sem hafa verið innleiddar í landslög gangi framur öðrum ósamrýmanlegum ákvæðum í lögum aðildarríkis, komi til árekstra þar á milli.
60. Kærandi bendir á að af eðli laga á sviði neytendaverndar og ummælum í lögskýringargögnum megi leiða að slíkum reglum sé ætlað að veita neytendum sérstaka og jafnan betri vernd en annars myndi leiða af almennum reglum. Verði því að líta svo á að um sérlög sé að ræða sem gangi framur almennum lögum. Sá vilji löggjafans endurspeglar m.a. í 24. gr. laga nr. 121/1994, sem kveði á um að ekki megi víkja frá þeirri lágmarksvernd sem í lögnum felst með samningi, og 2. gr. laga nr. 39/2001 sem gerir ákvæði þeirra frávíkjanleg til hagsbóta fyrir neytendur. Þá megi benda á að í eldri lögum nr. 30/1993 um neytendalán komi fram í 1. mgr. 14. gr. að ef

ekki væru veittar upplýsingar um lántökukostnað, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr., þá skyldi neytandi greiða höfuðstól og ársvexti af honum sem samsvara vöxtum samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Frá þessu hafi á hinn bóginn verið horfið með lögum nr. 121/1994. Eftirfarandi skýringar við ákvæðið hafi komið fram í greinargerð með því frumvarpi:

61. „Þetta stríðir gegn þeirri meginreglu vaxtalaga að vextir skuli einungis reiknaðir ef um þá er samið. Ákvæðið er einnig í andstöðu við almennar reglur kröfuréttar. Því er lagt til að sú breyting verði á ákvæðinu að ef ekki er kveðið á um vaxtatöku í lánessamningi þá skuli vextir ekki reiknaðir af láninu. Sama gildir um annan lántökukostnað.“
62. Kærandi vísar enn fremur til þess að samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 121/1994 skyldi fara um vexti af neytendalánnum samkvæmt ákvæðum vaxtalaga. Það sé því mat kæranda að vilji löggjafans hafi staðið til þess að lög um neytendalán hefðu stöðu sérлага gagnvart vaxtalögum. Af því leiði að lög um neytendalán eigi að ganga frammar í málum sem snúast um neytendalán.
63. Kærandi tekur fram að kvörtun hennar lúti ekki að framkvæmd laga nr. 38/2001 heldur eingöngu að því hvort þeir lánessamningar sem um ræði og framkvæmd þeirra hafi samræmst lögum nr. 121/1994 og eftir atvikum lögum nr. 57/2005. Kærandi vísar síðan til dóms Hæstaréttar frá 12. október 2017 í máli nr. 623/2016 þar sem hafnað var kröfu um ógildingu úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála er laut að ákvæði í lánessamningi um endurskoðun vaxta. Þrátt fyrir að talið hefði verið að beiting slíks endurskoðunarákvæðis hefði brotið gegn 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 hefði ekki verið talið að órjúfanleg tengsl hefði verið milli umsaminna vaxta og hins ógilda vaxtaendurskoðunarskilmála sem leiddu til þess að ekki var hægt að miða áfram við samningsvextina óbreytta. Enn fremur hefði ekki verið talið að þrátt fyrir að samningsákvæðið væri ógilt, að það leiddi til þess að þá ætti að miða vaxtakjör slíkra lána við 4. gr. sbr. 18. gr. laga nr. 38/2001, heldur hefði alfarið verið leyst úr málinu samkvæmt lögum um neytendalán. Sé þetta í samræmi við þá afstöðu kæranda að lög um neytendalán séu sérlæg sem gangi frammar almennum vaxtalögum.
64. Kærandi bendir síðan á að Neytendastofa hafi tekið aðra ákvörðun nr. 17/2018 í máli sem megi rekja til sams konar lánessamninga og þeirra sem um ræði í hinni kærðu ákvörðun. Í fyrrnefndu ákvörðuninni hafi verið fjallað um skilmála í veðskuldabréfum sem hafi verið gefin út árið 2011 í kjölfar endurútreikninga hinna upphaflegu gengistryggðu lána á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða X. í lögum nr. 38/2001, sbr. lög nr. 151/2010. Með skilmálanum hafi verið áskilin heimild til að endurskoða vexti að liðnum fimm árum frá útgáfudegi skuldabréfs og ákveða vaxtakjör sem miðuðust við sambærilegar lánveitingar skuldareiganda á þeim tíma. Sú heimild hafi byggst á umræddu ákvæði til bráðabirgða X. í lögum nr. 38/2001. Neytendastofa hafi talið að þar sem ekki væri tilgreint í skilmálanum við hvaða aðstæður vextir myndu breytast, hefði verið brotið gegn 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 og hafi jafnframt verið lagt bann við notkun vaxtaendurskoðunarákvæðisins. Þessi niðurstaða Neytendastofu sé í samræmi við þá afstöðu

kæranda, að líta verði á lög um neytendalán sem sérlög sem gangi framur vaxtalögum, enda sé það til hagsbóta fyrir neytendur, sbr. 2. gr. laga nr. 38/2001.

65. Með hliðsjón af ákvörðun Neytendastofu nr. 17/2018 telur kærandi ástæðu til að víkja nánar að þeim vöxtum sem miðað var við í endurútreikningum þeirra lána sem kvörtun kæranda sneri að, svokölluðum seðlabankavöxtum samkvæmt 1. málsl. 4. gr. laga nr. 38/2001. Í ákvæðinu segi að þeir vextir skuli vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveði með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birti samkvæmt 10. gr. laganna. M.ö.o. séu þeir vextir í raun ákveðnir af lánastofnunum sjálfum, þ.e. þeirri sem bjóði lægsta vexti hverju sinni, en ekki af Seðlabanka Íslands sem hafi aðeins það hlutverk að birta umrædda vexti. Í þeim tilkynningum sem Seðlabanki Íslands birti um slíka vexti komi hvergi fram við hvaða aðstæður þeir breytist eða hvaða sjónarmið liggja til grundvallar ákvörðun þeirra af hálfu lánastofnana.
66. Þá sé ástæða til að vekja athygli á því að allt fram til ársins 2010 hafi neytendum almennt ekki staðið til boða önnur húsnæðislán en verðtryggð og þ.m.t. gengistryggð. Frá gildistöku laga nr. 38/2001 hafi hinir umræddu vextir aldrei verið lægri en 8% og lengst af yfir 10% þar til þeir risu hæst í 21% í árslok 2008. Samkvæmt hagtölum Seðlabanka Íslands höfðu þó bankarnir sem féllu í fjármálahruninu haustið 2008 aldrei veitt nein óverðtryggð lán með veði í íbúð. Sé því algjörlega á huldu hvaða „sambærilegu“ lánveitingar hafi getað legið til grundvallar þeim birtingum Seðlabanka Íslands á lægstu óverðtryggðu vöxtum lánastofnana sem áttu sér stað fyrir þann tíma. Þessir vextir virðist því hafa verið ákveðnir einhliða af lánastofnunum án nokkurra tengsla við neinn raunveruleika og án þess að nokkurs staðar hafi komið fram við hvaða aðstæður breytingar gætu orðið á þeim. Þetta stangist á við þær forsendur hinnar umræddu ákvörðunar Neytendastofu nr. 17/2018 og dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 623/2016, að samkvæmt lögum um neytendalán verði að tilgreina í lánssamningi við hvaða aðstæður vextir breytist.
67. Samkvæmt orðanna hljóðan eigi 4. gr. laga nr. 38/2001 aðeins við í þeim tilvikum sem hundraðshluti eða viðmiðun vaxta sé ekki tiltekin. Ákvæðið geti því ekki átt við um þá lánssamninga sem kvörtun áfrýjanda lúti að, enda hafi í þeim verið tilgreind bæði viðmiðun vaxta sem og hundraðshluti vaxtaálags, samanlagt annars vegar 4,30% og hins vegar 4,61% þegar þeir voru gerðir. Sé því ekkert því til fyrirstöðu að lánin geti áfram borið þessa umsömdu vexti.
68. Kærandi telur að þótt Hæstiréttur Íslands hafi í máli nr. 471/2010 talið að ógildi ákvæðis um gengistryggingu leiddi til þess að líta yrði með öllu fram hjá ákvæðum hans um vaxtahæð, verði að gera þann fyrirvara við þá niðurstöðu að hún hafi verið reist á þeirri forsendu að ógilding gengistryggingarákvæðis samningsins hefði hvorki verið byggð á ákvæðum laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa með síðari breytingum né ólögfestum reglum fjármunaréttar um ógildingum samninga. Öðru máli gegni um tilvik kæranda sem hafi í upphafi byggt rétt sinn m.a. á fyrrnefndum ákvæðum laga nr. 7/1936 sem ætlað hafi verið að innleiða

tilskipun 93/13/EBE í íslenskan rétt. Kærandi telji fullvíst að skilmáli sem kveði á um óheimila verðtryggingu sé óréttmætur í skilningi þeirrar tilskipunar og honum skuli því víkja til hliðar, en gerir jafnframt þá kröfu að hinir upphaflegu lánsamningar haldi gildi sínu að öðru leyti án breytinga, í samræmi við 3. mgr. 36. gr. c. í lögum nr. 7/1936 og 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar eins og hún hafi verið skýrð í dómum á sviði Evrópuréttar. Samkvæmt þeim reglum beri að tryggja að óréttmætir skilmálar séu óskuldbindandi fyrir neytendur að því gefnu að samningur geti haldið gildi sínu að öðru leyti án hins óréttmæta skilmála en óheimilt sé að endurskoða slíka skilmála með það fyrir augum að breyta efni þeirra. Þar sem hæstaréttardómur í máli nr. 471/2010 hafi ekki byggst á þessum forsendum hafi hann þar af leiðandi ekki fordæmisgildi í málinu.

69. Kærandi áréttar að samkvæmt 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994 skuli í samningi um neytendalán með breytilegum vöxtum tilgreina við hvaða aðstæður vextir breytist. Þetta skilyrði virðist hafa mátt uppfylla með því að tilgreina að vextir breyttust í samræmi við breytingar á tilteknu opinberu eða viðurkenndu viðmiði, svo sem LIBOR vöxtum. Með gagnályktun hljóti þó á hinn bóginn að verða að líta svo á að þegar slíkt viðmið sé tilgreint, sé lánveitandi bundinn við það viðmið og megi ekki breyta því og byrja síðar að nota annað og hærra viðmið. Í þessu samhengi sé bent á að fram komi í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 121/1994 að séu vextir eða annar lántökukostnaður ekki tilgreindir í lánsamningi, sé lánveitanda eigi heimilt að krefja neytanda um greiðslu þeirra. Enn fremur myndi það fela í sér að árleg hlutfallstala hefði verið of lágt reiknuð í upphafi og því óheimilt að krefjast kostnaðar sem gæfi hærri árlega hlutfallstölu kostnaðar samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laga nr. 121/1994. Með vísan til þessa telji kærandi að það samræmist ekki 14. gr. laga nr. 121/1994 að skipta um viðmið og miða vexti í staðinn við seðlabankavexti sem hafi alltaf verið hærri en hið umsamda viðmið.
70. Þrátt fyrir að lög nr. 7/1936 skorti heimildir fyrir Neytendastofu til að hafa eftirlit með ákvæðum þeirra laga gegni öðru máli um lög nr. 121/1994. Kærandi telji því að ekkert standi því í vegi að Neytendastofa og áfrýjunarnefnd neytendamála taki afstöðu til þess hvort brotið hafi verið gegn ákvæðum þeirra laga. Vísar kærandi sérstaklega til 14. gr. laganna í þessu samhengi. Þá bendir kærandi á að í hinni kærðu ákvörðun segi að Neytendastofu beri að leggja mat á það hvort einhliða samin ákvæði sem seljendur vöru eða þjónustu setja í samninga við neytendur stríði gegn góðum viðskiptaháttum eða raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytenda í óhag. Þessu megi einnig finna stoð í fjölmörgum ákvörðunum og úrskurðum þar sem bann við tiltekinni háttsemi hefur verið byggt á heimild í lögum nr. 57/2005.
71. Í niðurstöðukafla kæru sinnar áréttar kærandi að kæra hans lúti einkum að sjónarmiðum hennar um endurútreikning Arion banka hf. á lánum þeim er málið lúti að og breytingum á vöxtum þeirra til hækkunar frá því sem um hafi verið samið án þess að þær aðstæður sem orsökðu þá breytingu hafi verið tilgreindar í lánsamningunum. Hvergi í þeim lánsamningum hafi komið fram að vextir eða viðmið þeirra gætu breyst vegna dóma Hæstaréttar, sem byggðust hvorki á

neytendalánalögum né öðrum reglum á sviði neytendaverndar, eða síðari breytinga á almennum og frávíkjanlegum vaxtalögum.

72. Samkvæmt öllu framangreindu telji kærandi að rétt sé að staðfesta hina kærðu ákvörðun en að tekin verði afstaða til þeirra röksemda sem varði breytingu á vöxtum umræddra lána með íþyngjandi hætti fyrir neytanda, án þess að þær aðstæður sem leiddu til þeirra breytinga hefðu nokkru sinni verið tilgreindar í samningum aðila. Að mati kæranda hafi þær breytingar verið gerðar í andstöðu við 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 og telji kærandi að með því hafi verið brotið gegn þeim réttindum sínum sem hefðu átt að vera tryggð með innleiðingu 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 93/13/EBE í 36. gr. c. laga nr. 7/1936. Slíka viðskiptahætti telur kærandi enn fremur óréttmæta í skilningi laga nr. 57/2005, enda feli þeir í sér ranga upplýsingagjöf um lögbundin rétt neytenda, sbr. g. lið 9. gr., og séu líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda, sbr. 8. gr. þeirra laga. Þar sem slíkir viðskiptahættir séu bannaðir samkvæmt 5. gr. þeirra laga sé þess farið á leit að lagt verði sérstakt bann við þeim á grundvelli 26. gr. laga nr. 121/1994, sbr. 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005.
73. Með bréfi, dags. 22. ágúst 2018, óskaði áfrýjunarnefndin eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Svar barst með greinargerð, dags. 5. september 2018. Þar kemur fram sú afstaða stofnunarinnar að tekin hafi verið efnisleg afstaða til allra ágreiningsefna málsins sem stofnunin sé bær um. Önnur atriði, sem vísað sé til í kæru, verði ekki afgreidd af hálfu stofnunarinnar heldur séu þau þess eðlis að leita verði atbeina dómstóla til að fá úr þeim skorið. Þrátt fyrir að Neytendastofa geti tekið undir með kæranda að með samningi verði réttindi neytanda samkvæmt lögum um neytendalán ekki takmörkuð geti Neytendastofa ekki vikið frá niðurstöðum Hæstaréttar eða ákvörðun löggjafans um inngríp í samningssambandið með breytingu á ákvæðum laga nr. 38/2001.
74. Í greinargerðinni er vísað til þess að í lögum um neytendalán sé vissulega ekki kveðið á um það hverjir vextir megi vera eða við hvaða vaxtaviðmið megi binda samning um neytendalán og verði að því leyti að telja að sammingsfrelsi ríki milli aðila þar um. Það breyti ekki þeirri staðreynd að fylgja verði ákvæðum laga nr. 38/2001 um það efni sem þar komi fram og ekki sé tekið á í lögum um neytendalán. Að sama skapi beri að fylgja niðurstöðum Hæstaréttar um efnið. Eins og kærandi bendi réttilega á hafi í hæstaréttardómum, þar sem um það hafi verið fjallað að bein og órjúfanleg tengsl væru milli ákvæðis sammings um gengistryggingu og fyriræla um vexti, ekki verið byggt á því að upphaflegir skilmálar um vexti sammings skyldu standa með vísan til laga um neytendalán. Löggjafinn hafi gripið inn í samningssambandið með lagasetningu um framhald vaxta. Væri ekki á færi Neytendastofu að taka ákvörðun um að það inngríp hafi ekki átt rétt á sér.
75. Neytendastofa telji að hið sama eigi við um athugasemdir kæranda við niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 og ákvæði laga nr. 7/1936, sem innleiddu ákvæði tilskipunar nr. 93/13/EBE. Því til viðbótar bendi Neytendastofa á að stofnunin geti ekki byggt ákvörðun sína með beinum hætti á ákvæðum laga nr. 7/1936, þó þau sjónarmið sem þar komi fram geti

komið til álita við ákvörðun um hvort brotið sé gegn góðum viðskiptaháttum samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/2005.

76. Að því er varðar tilvísanir kæranda til ákvörðunar Neytendastofu nr. 17/2019 er í greinargerðinni tekið fram að stofnunin geti ekki fallist á að ákvörðunin feli í sér þá niðurstöðu að ákvæði laga nr. 121/1994 víki til hliðar ákvæðum laga nr. 38/2001. Ákvörðunin byggir á því að í þeim tilvikum sem lánveitandi hafi gert nýjan lánsamning í kjölfar gildistöku laga nr. 151/2010 skuli fylgja upplýsingakröfum laga um neytendalán, á þeim tíma sem nýr samningur sé gerður. Ákvörðun Neytendastofu feli hvorki í sér að lánveitanda hafi verið skylt að gera nýjan samning á grundvelli ákvæðis X. til bráðabirgða við lög nr. 38/2001 né að ákvæði laga nr. 121/1994 gangi framur bráðabirgðaákvæðinu.
77. Neytendastofa tekur undir með kæranda að lánveitanda sé, í samræmi við 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994, ekki heimilt að breyta vaxtaviðmiði samningsins frá LIBOR vöxtum í birta vexti Seðlabanka Íslands nema skilmálar hafi verið á þann veg að slík breyting væri heimil. Fyrir liggir að í skilmálum umræddra lánsamninga hafi ekki verið slík ákvæði. Neytendastofa ítreki að um óvenjulegar aðstæður hafi verið að ræða þar sem Hæstiréttur hafi komist að niðurstöðu um ólögmati gengistryggingar og að órjúfanleg tengsl væru milli gengistryggingar og vaxtaákvörðunar, auk þess sem löggjafinn hafi í kjölfarið gripið inn í samningssambandið með lagasetningu um vaxtaviðmið. Að öðru leyti er í greinargerðinni vísað til hinnar kærðu ákvörðunar.
78. Með bréfi, dags. 26. september 2018, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við greinargerð Neytendastofu. Svar barst með bréfi, dags. 19. október 2018. Þar mótmælir kærandi þeirri afstöðu Neytendastofu að önnur atriði sem vísað sé til af hálfu kæranda verði ekki afgreidd af hálfu stofnunarinnar heldur séu þess eðlis að leita verði atbeina dómstóla til að fá úr þeim skorið. Kærandi telji þvert á móti að samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 121/1994, sbr. 5. gr. og 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 hafi Neytendastofu borið að leysa úr þeim málsástæðum kæranda sem byggir á nánar tilteknum ákvæðum þeirra laga.
79. Kærandi áréttar að í kæru hennar beri hæst þá lögskýringarreglu að sérlög eigi að ganga framur almennum lögum. Á hinn bóginn vísir Neytendastofa til þess að fylgja verði ákvæðum laga nr. 38/2001 að því leyti sem ekki sé nánar mælt fyrir um í lögum nr. 121/1991. Þá beri að fylgja dómum Hæstaréttar Íslands sem varði kæruefnið. Kærandi hafni þessari afstöðu Neytendastofu og vísir til þess að samkvæmt 19. gr. laga nr. 38/2001 skuli Fjármálaeftirlitið hafa eftirlit með því að fjármálafyrirtæki fari eftir ákvæðum þeirra laga, en ekki Neytendastofa. Enn fremur sé því hafnað að þetta hafi þýðingu í málinu þar sem kvörtun kæranda byggist ekki á vaxtalögum heldur lögum nr. 121/1994 og nr. 57/2005.
80. Kærandi rekur síðan að í greinargerð Neytendastofu komi fram að löggjafinn hafi gripið inn í samningssamand milli lántaka og lánveitenda svokallaðra gengistryggðra lána og mælt fyrir um það hvernig haga skyldi framhaldi vaxta af slíkum lánnum. Af þessum sökum sé ekki á færi

Neytendastofu að taka ákvörðun um það hvort það inngríp hafi átt rétt á sér. Kærandi hafnar þessu sjónarmiði, enda byggist hin kærða ákvörðun á því að vaxtalög, eins og þeim var breytt með lögum nr. 151/2010, geti ekki vikið lögum um neytendalán og öðrum lögum á sviði neytendaréttar til hliðar. Þvert á móti eigi sérlög á þessu sviði að ganga frammar almennari lögum á borð við vaxtalög, ekki síst með hliðsjón af bókun 35 við EES-samninginn þar sem kveðið sé á um skyldu aðildarríkjanna til að veita innleiddum reglum EES-réttar forgangs fram yfir ákvæði í landslögum sem séu þeim ósamrýmanleg.

81. Kærandi vísar síðan til þess að í greinargerð Neytendastofu komi fram að stofnunin taki undir með kæranda að breytingar á vaxtaviðmiði samnings frá LIBOR vöxtum í birta vexti Seðlabankans séu ekki heimilar samkvæmt ákvæðum laganna nema skilmálar hafi verið á þann veg að slík breyting væri heimil. Þá hafi komið fram sú afstaða stofnunarinnar að í skilmálum lánessamninga kæranda hefði ekki verið slík ákvæði. Kærandi telur að með þessu hafi Neytendastofa í raun fallist á sjónarmið sem hún hafi sett fram í málinu, þ.e.a.s. að ekki hafi verið til staðar heimild í lögum né skilmálum lánessamninganna til að breyta vöxtum umræddra lána með þeim hætti sem gert hafi verið. Vissulega hafi verið um að ræða óvenjulegar aðstæður en það breyti engu um gildissvið laga sem sett hafi verið til verndar neytendum. Þvert á móti sé tilgangur þeirra ekki síst að verja neytendur við einmitt slíkar aðstæður.
82. Að öðru leyti vísaði kærandi til fyrirbyggjandi gagna og þeirra röksemda sem hún hefði þegar sett fram og ítrekaði fyrri kröfur.

NIÐURSTADA

83. Eins og rakið er hér að framan komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu í hinni kærðu ákvörðun að Frjálsi fjárfestingabankinn hf. hefði brotið gegn 4. og 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán og 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, með því að tilgreina ekki heildarlántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar á fasteignaláni í erlendri mynt. Þá komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að sami banki hefði brotið gegn 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 og 5. gr. laga nr. 57/2005 með því að tilgreina ekki í skilmálum um endurskoðun vaxtaálags við hvaða aðstæður vaxtaálag gæti breyst.
84. Framangreindar niðurstöður Neytendastofu tóku til starfshátta Frjálsa fjárfestingabankans hf. í aðdraganda þess að kærandi og bankinn gerðu með sér tvo lánessamninga, dags. 15. og 21. nóvember 2007, sem og efnis samninganna. Í máli þessu er á hinn bóginn til úrlausnar hvort Neytendastofu hafi borið að grípa til aðgerða gagnvart Arion banka hf., en kröfur á grundvelli samninganna munu í lok árs 2013 hafa verið framseldar til þess banka. Samningarnir tveir vörðuðu lán í íslenskum krónum sem voru gengistryggð, þ.e.a.s. fjárhæðir lánanna í íslenskum krónum voru tengdar gengi tiltekinna erlendra gjaldmiðla. Umsamdir vextir tóku mið af meðaltali af vöxtum á millibankamarkaði í London, svonefndum LIBOR vöxtum, að viðbættu tilteknu álagi. Þann 7. maí 2014 tilkynnti Arion banki hf. kæranda að bankinn hefði endurútreiknað lánin á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða X. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

85. Tildrög þeirrar lagasetningar má rekja til þess að með dómum Hæstaréttar frá 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010 komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að samkvæmt lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu væri ólöglegt að gengistryggja lánessamninga í íslenskum krónum. Með dómi réttarins frá 16. september 2010 í máli nr. 471/2010 var mælt fyrir um að í því tilviki sem til úrlaunar var, þar sem lánsfjárhæð var gengistryggð en lán bar LIBOR vexti auk álags, hefðu verið bein og órjúfanleg tengsl milli ákvæðis lánessamnings um gengistryggingu annars vegar og fyrirmæla hans um vexti hins vegar. Taldi Hæstiréttur óhjákvæmilegt að ógildi ákvæðis um gengistryggingu leiddi til þess að líta yrði með öllu fram hjá ákvæðum samningsins um vaxtahæð. Yrði því í samræmi við 4. gr., sbr. 3. gr., laga nr. 38/2001 að ákvarða vexti í slíku tilviki í samræmi við þá vexti sem Seðlabanki Íslands ákvæði með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýju almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir væru samkvæmt 10. gr. laganna.
86. Með lögum nr. 151/2010 var ákvæðum laga nr. 38/2001 breytt og meðal annars mælt fyrir um það að í 18. gr. laganna kæmi fram regla um það hvernig staðið skyldi að uppgjóri vegna lánessamninga sem hefðu verið gengistryggðir með ólögmetum hætti. Er þar meðal annars mælt fyrir um að ef samningsákvæði um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti teljast ógild skuli peningakrafan bera vexti samkvæmt 1. másl. 4. gr. laganna, enda eigi önnur ákvæði greinarinnar ekki við. Hið sama eigi við ef samningur kveði á um verðtryggingu skuldar samhliða vaxtaákvæðum, og annað tveggja sé ógilt. Skulu þá bæði ákvæði samningsins um vexti og verðtryggingu fara eftir því sem kveðið er á um í 4. gr.
87. Með sömu breytingalögum var síðan mælt fyrir um það í ákvæði X. til bráðabirgða að hefði húsnæðislán til neytenda verið greitt út í íslenskum krónum eða umbreyting úr erlendum myntum verið hluti viðkomandi lánessamnings, en endurgreiðsla skuldarinnar miðaðist að einhverju leyti við gengi erlendra gjaldmiðla, færi um uppgjör vegna ofgreiðslu og framtíðarskilmála skuldbindingarinnar eftir fyrrnefndri 18. gr. laganna.
88. Ekki verður ráðið af málalíbúnaði kæranda að hún dragi í efa að endurútreikningur Arion banka hf. á stöðu lánessamninganna tveggja samræmist fyrirmælum ákvæðis X. til bráðabirgða í lögum nr. 38/2001. Á hinn bóginn telur kærandi að endurútreikningur Arion banka hf. brjóti í bága við önnur ákvæði laga og að af þeim sökum beri Neytendastofu að grípa til aðgerða gegn bankanum. Telur kærandi annars vegar að ákvæði lánessamninga hennar og bankans um gengistryggingu séu ógildanleg á grundvelli 36. gr. c. laga nr. 7/1936 og að af þessum sökum skuli einungis horft framhjá þeim hluta lánessamninganna, en ákvæði þeirra um vexti skuli standa óbreytt til samræmis við fyrirmæli tilskipunar nr. 93/13/EBE. Hins vegar telji kærandi að endurútreikningur Arion banka hf. brjóti í bága við 14. gr. laga nr. 121/1994.
89. Að því er tilvísanir kæranda til 36. gr. c. laga nr. 7/1936 áréttar áfrýjunarnefndin að hvergi í lögum nr. 7/1936 er vísað til Neytendastofu eða opinbers eftirlits með lögnum. Hafa því hvorki Neytendastofa né áfrýjunarnefndin það hlutverk að skera úr um það hvort skilyrði séu til þess að ákvæði þeirra lánessamninga er mál þetta lýtur að og fjalla um gengistryggingu lánsfjárhæða

séu ógildanleg á grundelli 36. gr. c. laga nr. 7/1936. Í samræmi við þetta getur áfrýjunarnefndin ekki tekið til skoðunar hvort sú ógildingarregla eigi við í málinu. Verður því að miða við að láncsamningar þeir sem málið lýtur að hafi verið gengistryggðir í bága við ákvæði laga nr. 38/2001. Þá ber þess að geta að Hæstiréttur Íslands hefur meðal annars í dómi sínum frá 6. nóvember 2014 í máli nr. 202/2014 mælt fyrir um að þær ógildingarreglur sem fram koma í 36. gr. a-d í lögum nr. 7/1936 gangi ekki framur fortakslausum fyrirmælum 18. gr. laga nr. 38/2001 í tilvikum þar sem fjárhæð höfuðstóls láns hefur verið tengdur gengi erlendra gjaldmiðla í bága við ákvæði þeirra laga. Af þessu leiðir að þótt nefndin féllist á að framangreindar reglur laga nr. 7/1936 og tilskipunar nr. 93/13/EBE kynnu að koma til skoðunar við beitingu ákvæða laga nr. 121/1994 og 57/2005 geta þær ekki haft áhrif í þessu máli.

90. Kemur þá til skoðunar hvort endurútreikningur Arion banka hf. á láncsamningunum hafi brotið í bága við ákvæði laga nr. 121/1994 eins og haldið er fram af hálfu kæranda.
91. Þegar láncsamningar þeir er mál þetta lýtur að voru gerðir giltu enn lög nr. 121/1994 um neytendalán, en þau lög voru síðar leyst af hólmi af núgildandi lögum nr. 33/2013 um sama efni. Það leiðir af dómi Hæstaréttar Íslands frá 12. október 2017 í máli nr. 623/2016 að þrátt fyrir ófullkomin ákvæði laga nr. 33/2013 um lagaskil getur Neytendastofa á grundvelli þeirra laga haft eftirlit með því hvort upplýsingaskyldu samkvæmt lögum nr. 121/1994 hafi verið fullnægt vegna lánveitinga í tíð eldri laganna.
92. Í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 121/1994 var mælt fyrir um að í tilvikum þar sem vextir eða annar lántökukostnaður væru ekki tilgreindir í láncsamningi væri eigi heimilt að krefja neytanda um greiðslu þeirra. Að öðru leyti færi um vexti af neytendalánum samkvæmt ákvæðum vaxtalaga. Þá sagði í 2. mgr. að lánveitanda væri eigi heimilt að krefjast greiðslu frekari lántökukostnaðar en tilgreindur væri í samningi sem heildarlántökukostnaður samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. Væri árleg hlutfallstala kostnaðar, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 6. gr., of lágt reiknuð væri lánveitanda eigi heimilt að krefjast heildarlántökukostnaðar sem gæfi hærri árlega hlutfallstölu kostnaðar.
93. Kærandi telur að við endurútreikning láns hennar hafi borið að taka tillit til 14. gr. laga nr. 121/1994, en ekki ákvæðis X. til bráðabirgða við lög nr. 38/2001, sbr. 18. gr. sömu laga, enda sé fyrstnefnda lagaákvæðið sérákvæði sem gangi framur ákvæðum laga nr. 38/2001. Kærandi telur aðallega að þar sem árleg hlutfallstala kostnaðar hafi hvergi komið fram í láncsamningunum verði að líta svo á að lánveitanda hafi verið óheimilt að innheimta nokkurn kostnað af veitingu lánanna. Annars verði að miða endurútreikning lánanna við þá greiðsluáætlun sem lánveitandi gerði og voru hluti af þeim skjölum sem tilheyrðu umræddum láncsamningum. Hafi sú greiðsluáætlun miðað við að gengisviðmið lánanna héldist óbreytt út lánstímann og að vextir væru í samræmi við ákvæði samningsins.
94. Ekki verður betur séð en að Neytendastofa hafi í 6. kafla hinnar kærðu ákvörðunar leitast við að fjalla um þessi sjónarmið kæranda. Eru þar rakin ákvæði 14. gr. laga nr. 121/1994 og bent á að í ákvæðinu sé ekki fjallað um það hvernig fara skuli með kostnað af samningi ef samantekinn heildarlántökukostnaður eða árleg hlutfallstala kostnaðar hafi ekki verið tilgreind. Þessu næst

kemur fram að eftirlit Neytendastofu með ákvæðum laga nr. 121/1994 sé á allsherjarréttarlegum grunni og geti stofnunin af þessum sökum „ekki fjallað um einkaréttarlega hagsmuni eða tekið afstöðu til fjárkrafna neytenda í einstökum málum“. Þá hafi Hæstiréttur Íslands komist að þeirri niðurstöðu að ólögmætt hafi verið að binda fjárhæð höfuðstóls lána í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla sem jafnframt leiddi til þess að líta yrði framhá ákvæðum samnings um vaxtastig. Í kjölfar þessa hafi löggjafinn mælt fyrir um það hvernig staðið skyldi að framkvæmd slíkra samninga. Er síðan bent á þá annmarka sem stofnunin hafði þegar í ákvörðuninni talið að hefðu verið á framkvæmd lánveitingarinnar í öndverðu af hálfu Frjálsa fjárfestingabankans hf. Án nánari skýringa er síðan ákvæði 3. mgr. 36. gr. c. laga nr. 7/1936 rakið í ákvörðuninni. Loks segir eftirfarandi í niðurlagi kaflans: „Til þess að fá úr því skorið hvort og með hvaða hætti allir ofangreindir annmarkar á lánessamningu hafa áhrif á eftirstöðvar og endurgreiðslu samningsins þarf kvartandi að leita niðurstöðu dómstóla.“

95. Áfrýjunarnefndin fær ekki séð að í framangreindri umfjöllun Neytendastofu hafi í raun verið tekin afstaða til þeirra sjónarmiða sem kærandi færði fram um að endurútreikningur Arion banka hf. bryti í bága við 14. gr. laga nr. 121/1994. Þess í stað virðist Neytendastofa hafa beint því til kæranda að leita til dómstóla og fá úrlausn þeirra um ágreininginn á þeim grundvelli að hann félli utan valdsviðs stofnunarinnar. Var jafnvel ekki útilokað að túlka umfjöllunina sem svo að Neytendastofa teldi að annmarkar hefðu verið á framkvæmd Arion banka hf. með hliðsjón af hvoru tveggja 14. gr. laga nr. 121/1994 og 3. mgr. 36. gr. c. laga nr. 7/1936, en stofnunina skorti heimildir til að bregðast við þeim.
96. Neytendastofu var falið að hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 121/1994 í samræmi við VII. kafla laganna á sama hátt og stofnunin sinnir nú eftirliti með núgildandi lögum nr. 33/2013 um sama efni. Stofnuninni ber því að framfylgja lögnum og þá meðal annars að taka afstöðu til erinda sem henni berast frá neytendum og varða framkvæmd þeirra. Hefur stofnunin heimildir til að banna tilteknar athafnir sem stofnunin telur að brjóti í bága við ákvæði laganna og eftir atvikum leggja á sektir. Þótt neytendur eigi þess almennt kost að leita réttar síns fyrir dómstólum varðandi framkvæmd lánveitenda á lögnum leiðir það ekki til þess að valdsvið Neytendastofu sé takmarkað sem því nemur. Á hinn bóginn koma þá úrlausnir dómstóla sem hafa fordæmisgildi um framkvæmd laganna þeim til fyllingar. Þá verður ekki séð að það takmarki skyldur og valdheimildir Neytendastofu samkvæmt lögum sem stofnunin hefur eftirlit með þótt löggjafinn setji reglur sem hafi áhrif á framkvæmd þeirra. Hvergi í lögum nr. 121/1994, nr. 33/2013 né lögum nr. 38/2001 er mælt fyrir um að framkvæmd lánessamninga, eins og þeirra sem mál þetta varðar, sé undanþegin eftirliti Neytendastofu.
97. Í ljósi alls framangreinds var það ekki í samræmi við eftirlitsskyldur Neytendastofa að bregðast við erindi kæranda, að því er varðaði 14. gr. laga nr. 121/1994, með því að beina því til hennar að leita til dómstóla með ágreining sinn. Þess í stað bar stofnuninni að leggja mat á það hvort framkvæmd Arion banka hf. gagnvart kæranda kynni að hafa brotið gegn ákvæðinu með endurútreikningi lána kæranda og annarra neytenda í sambærilegri stöðu. Þá var hin kærða

ákvörðun svo óljós um það hvaða efnislegu afstöðu Neytendastofa hefði til erindis kæranda að hún uppfyllti ekki þá grundvallarkröfu sem gera verður til stjórnvalda að erindi þeirra til borgaranna séu nægjanlega skýr svo að viðtakendur geti áttað sig á réttarstöðu sinni.

98. Áfrýjunarnefnd neytendamála er úrskurðaraðili sem falið er að fjalla um kærur á ákvörðunum Neytendastofu. Meginmarkmið með stjórnsýslukæru er að tryggja réttaröryggi borgaranna á þann hátt að þeir fái skoðun á máli sínu á tveimur stjórnsýslustigum. Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir afstaða Neytendastofu til erindis kæranda er til þess að líta að meðferð málsins hefur dregist verulega en kærandi lagði upphaflega fram kvörtun sína þann 25. ágúst 2014. Þá hefur Neytendastofa nú tvívegis komið sér hjá því að taka efnislega afstöðu til erindis kæranda, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndarinnar frá 11. ágúst 2015 (7/2015). Telur áfrýjunarnefndin því að hagsmunir kæranda standi til þess að áfrýjunarnefndin taki efnislega afstöðu til erindis kæranda og málinu verði lokið.
99. Kemur því til skoðunar áfrýjunarnefndarinnar hvort það hafi brotið í bága við 14. gr. laga nr. 121/1994 að Arion banki hf. hagaði endurútreikningi húsnæðisláns til neytanda, sem greitt var út í íslenskum krónum, en tengt gengi erlendra gjaldmiðla, eftir því sem greinir í 18. gr., sbr. ákvæði X. til bráðabirgða laga nr. 38/2001. Umræddum lagaákvæðum, tildrögum setningar þeirra og dómum Hæstaréttar er varða gengistryggð lán hefur verið lýst hér að framan. Í áðurnefndum dómi Hæstaréttar frá 6. nóvember 2014 í máli nr. 202/2014 reyndi á málsástæður lántaka sem voru um margt þær sömu og kærandi lét í ljós í erindi sínu til Neytendastofu. Af dómnum leiðir sú afstaða Hæstaréttar að það felist í fyrirætlum 1. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 að ákvæði ólöglega gengistryggðs lánssamnings um vexti verði ekki beitt samkvæmt efni sínu og að sú regla sé sérregla sem taki til þeirrar aðstöðu þegar ákvæði um vexti telst ógilt. Tekið er fram að ákvæði laga nr. 121/1994 geti ekki gengið framar umræddu ákvæði laga nr. 38/2001 en af hálfu lántaka var í málinu meðal annars vísað til 14. gr. laga nr. 121/1994. Leiðir hið sama af dómum Hæstaréttar frá 26. júní 2018 í máli nr. 636/2017 og frá 31. maí 2013 í máli nr. 327/2013. Hefur Hæstiréttur því slegið því föstu að í tilvikum eins og því sem til skoðunar er í máli kæranda skuli haga endurútreikningi lána í samræmi við 18. gr. laga, sbr. ákvæði X. til bráðabirgða laga nr. 38/2001 og að þessi ákvæði gangi þá framar 14. gr. laga nr. 121/1994. Þá verður ekki séð að dómur Hæstaréttar frá 12. október 2016 í máli nr. 623/2016 um 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994 breyti nokkru um þetta, enda reyndi í því máli ekki á framangreind ákvæði laga nr. 38/2001 eða endurútreikning vegna ólögætrar gengistryggingar láns.
100. Í ljósi þessa var ekki ástæða fyrir Neytendastofu til að bregðast við erindi kæranda með aðgerðum gagnvart Arion banka hf. Með vísan til þessa verður hin kærða ákvörðun staðfest.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er staðfest

Halldóra Þorsteinsdóttir

Eiríkur Hauksson

Gunnar Páll Baldvinsson